

06 07

Ársskýrsla VR 2006 – 2007

Virðing
Réttlæti

VR


VR

Umbrot/prentun: Oddi ehf.
2007

| | |
|--|-----------|
| FÉLAGIÐ Í HNOTSKURN | 4 |
| ALMENN STARFSEMI OG ÞJÓNUSTA | 4 |
| LYKILTÖLUR VR 2006 | 4 |
| STJÓRN VR STARFSÁRIÐ 2006 – 2007 | 4 |
| NÝTT NAFN OG MERKI VR | 5 |
| KJARASAMNINGAR | 6 |
| ENDURSKOÐUN KJARASAMNINGA VIÐ SA OG FÍS | 6 |
| KJARAMÁL | 6 |
| KJARA- OG INNHEIMTUMÁL | 6 |
| RANNSÓKNIR OG KANNANIR | 7 |
| JAFNRÉTTISMÁL | 7 |
| HEILBRIGÐISMÁL | 8 |
| FJÁRVEITINGAR ÚR SJÚKRASJÓÐI | 8 |
| FRAMKVÆMDASTJÓRN SJÚKRASJÓÐS VR STARFSÁRIÐ 2006 – 2007 | 8 |
| VR VARASJÓÐUR | 9 |
| FRÆÐSLA | 10 |
| NÁMSKEIÐ OG FYRIRLESTRAR | 10 |
| ÖNNUR VERKEFNI | 10 |
| STYRKIR | 10 |
| STJÓRNIR FRÆDSLUMÁLA | 10 |
| ATVINNULEYSISBÆTUR | 11 |
| ÚTHLUTUN ATVINNULEYSISBÓTA | 11 |
| HLUTFALL ATVINNULAUSRA VR FÉLAGA ÁRIN 2000 – 2006 | 11 |
| ÚTHLUTUNARNEFND ATVINNULEYSISBÓTA NR. 2 | 11 |
| ORLOFSMÁL | 12 |
| NÝTING ORLOFSHÚSA OG TJALDVAGNA 2006 | 12 |
| STJÓRN ORLOFSJÓÐS VR STARFSÁRIÐ 2006 – 2007 | 12 |
| FUNDIR OG SAMSKIPTI | 13 |
| ÁSKORANIR FRÁ STJÓRN | 13 |
| INNLENDIR FUNDIR | 13 |
| ERLEND SAMSKIPTI | 13 |
| ALMENNAR UPPLÝSINGAR | 14 |
| ÞJÓNUSTUVER | 14 |
| FÉLAGSMÁL | 14 |
| MANNFAGNAÐIR | 14 |
| ÚTGÁFU- OG KYNNINGARMÁL | 14 |
| AÐILD AÐ STOFNUNUM | 15 |
| FÉLAGATAL | 15 |
| FÉLAGSGJÖLD | 15 |
| SKIPULAG SKRIFSTOFU | 15 |
| STARFSMENN | 15 |
| KJÖRINN FORMAÐUR, STJÓRN OG TRÚNAÐARRÁÐ ÁRIÐ 2006 | 16 |
| TRÚNAÐARMENN Á VINNUSTÖÐUM | 17 |
| ÁRSREIKNINGUR | 18 |
| ÁRITANIR | 18 |
| REKSTRARREIKNINGUR | 19 |
| EfNAHAGSREIKNINGUR | 20 |
| SJÓÐSTREYMI | 22 |
| SKÝRINGAR | 23 |

Félagið í hnotskurn

| Almenn starfsemi og þjónusta | Fjöldi félagsmanna | |
|---|--------------------|---------------|
| | 2006 | 2005 |
| Atvinnuleysisbætur | 1.224 | 1.969 |
| Kjaramál til meðferðar fyrir félagsmenn | 1.048 | 687 |
| Starfsmennta- og tólmstundastyrkir | 5.072 | 3.355 |
| Styrkir úr varasjóði | 7.021 | - |
| Fjöldi bótaþega úr Sjúkrasjóði | 4.058 | 10.174 |
| Orlofshús og tjaldvagnar | 2.770 | 2.829 |
| Morgunverðarfundir | 655 | 599 |
| Samtals | 21.848 | 19.613 |



Lykiltölur VR 2006

| | |
|-----------------------|----------------------|
| Félagsgjöld | 709.470.328 |
| Sjúkrasjóðsiðgjöld | 714.947.295 |
| Orlofssjóðsiðgjöld | 172.946.444 |
| Aðrar tekjur | 88.542.391 |
| Samtals tekjur | 1.685.906.458 |

| | |
|--|----------------------|
| Bætur og styrkir | 451.384.903 |
| Greiðsla úr varasjóði | 194.497.154 |
| Rekstrargjöld | 706.124.536 |
| Samtals gjöld, bætur og styrkir | 1.352.006.593 |

| | |
|----------------|-------------|
| Fjármagnsliðir | 646.509.058 |
|----------------|-------------|

| | |
|---------------------------------------|--------------------|
| Hreinar tekjur til ráðstöfunar | 980.408.923 |
|---------------------------------------|--------------------|

Stjórn VR starfsárið 2006–2007

Gunnar Páll Pálsson formaður

Stefanía Magnúsdóttir varaformaður

Jóhanna E. Vilhelmsdóttir ritari

Benedikt Vilhjálmsson, Bjarndís Lárusdóttir, Einar Karl Birgisson, Eyrún Ingvaldsdóttir, Gunnar Böðvarsson, Lykke Bjerre Larsen, Margrét Sverrisdóttir, Margrét Torfadóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Steinar J. Kristjánsson og Valur M. Valtýsson.

Varamenn: Jóhanna S. Rúnarsdóttir, Jón Magnússon og Þorlákur Jóhannsson.

Nýtt nafn og merki VR

Nýtt nafn VR var samþykkt á aðalfundi 2006 eftir hugmyndasamkeppni meðal almennings. Um eitt þúsund tillögur um nafn bárust, þar af var rúmur þriðjungur ýmiss konar útfærsla á skammstöfuninni VR. Fjögurra manna dómnafnd mat allar tillögur sem bárust og var það einróma val hennar að halda skammstöfuninni VR sem standi fyrir nýtt slagorð félagsins, Virðing, réttlæti. Til-lagan var kynnt á aðalfundi í apríl 2006 þar sem heitar umræður urðu um málið enda um að ræða breytingu á gamalgrónu nafni á einu elsta stéttarfélagi landsins. Eftir umræður var kosið um tillöguna með handauppréttingu og var hún samþykkt með yfirgnæf-andi meirihluta greiddra atkvæða.

Nafnið Verzlunarmannafélag Reykjavíkur þótti ekki lengur lýsandi fyrir félagið og var því efnt til nafnasamkeppninnar. Bæði tekur félagið til mun fleiri starfsstétta en eingöngu verslunarmanna og að auki nær félagssvæði þess nú langt út fyrir höfuðborgina. Það var mat dómnafndar að niðurstaðan, VR, væri nafn sem allir félagsmenn gætu fylkt sér undir og byggði að auki á þeirri virðingu og sterku ímynd sem skammstöfunin VR nyti þegar meðal félagsmanna og landsmanna allra. Nýtt inntak þeirrar skammstöfunar, virðing og réttlæti, endurspeglar markmið félagsins; að stuðla að og efla virðingu fyrir störfum félagsmanna á markvissan hátt en standa jafnframt vörð um réttlæti á öllum sviðum fyrir þeirra hönd.




Í kjölfar nafnabreytingar á félaginu var hannað nýtt merki þess. Auglýsingastofan Fíton hannaði merk-ið en hún hefur séð um auglýsingagerð fyrir félagið síðustu ár.

Kjara- og innheimtumál

Á árinu 2006 var enn talsverður hreyfanleiki á vinnumarkaði og verður það að teljast rökrétt framhald af síðustu árum en hreyfanleiki á vinnuafli hefur verið með mesta móti. Mikill hluti þeirra mála sem félagið annaðist og veitti ráðgjöf um á árinu snerist því um túlkun á réttindum og skyldum launþega varðandi uppsagnir og uppsagnarfrest. Að öðru leyti var árið hefðbundið, en þó varð vart við talsverða aukningu mála á síðustu mánuðum ársins.

Innheimta launakrafna jókst umtalsvert frá ári til árs á tímabilinu 1998 – 2003 en verulega dró úr árin 2004 og 2005. Á árinu 2006 byrjaði málum aftur að fjölda í innheimtu hjá félaginu og var um stigvaxandi aukningu að ræða eftir því sem leið á árið. Fjöldi innheimtumála árið 2006 var 1.048 sem svarar til um 53% aukningar á milli ára.



Af þessum 1.048 málum kom til innheimtu á 91 máli hjá lögfræðingum félagsins og er það talsverð fjölgun milli ára. Það virðast því vera blíkur á lofti, þó mjög erfitt sé að henda reiður á ástæður þess. Á árinu 2006 voru innheimtar fyrir félagsmenn ríflega 80 milljónir króna á kjarasviði og hjá lögmönnum félagsins.

Málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði voru í brennidepli á árinu. Félagsmönnum með erlent ríkisfang hefur fjölgað talsvert í félaginu og voru um 1.000 í árslok. Sendur var upplýsingabæklingur á pólsku til tæplega 300 pólskra félagsmanna þar sem réttarstaða þeirra var kynnt. Mun algengara er nú en áður að útlendingar séu í beinu ráðningarsambandi við sín fyrirtæki en ekki í gegnum starfsmannaleigur eins og áður var, og er það vissulega til bóta.

Dómsmál

Á starfsárinu fóru nokkur mál fyrir dómstóla. Ber þar fyrst að nefna mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir hönd félagsmanns sem vikið var fyrirvaralaust úr starfi í verslun. Dómurinn dæmdi félagsmanninum í hag og að honum skyldu greidd laun í uppsagnarfresti. Héraðsdómur dæmdi einnig félagsmannni í hag í máli sem varðaði laun fyrir vinnu í matartíma en hann vann við símsvörun að næturlagi og í aðskildu máli sem varðaði túlkun á lögum um orlof. Í því máli dæmdi Héraðsdómur að greiða skyldi orlof af bónusgreiðslum. VR tapaði hins vegar dómsmáli sem varðaði ráðningarsamning en í því máli úrskurðaði Héraðsdómur að gildur samningur hafi ekki legið fyrir né tilboð um ráðningarkjör þar sem ráðningarsamningur hafi ekki verið undirritaður af vinnuveitanda.

Endurskoðun kjarasamninga við SA og FÍS

Í júní 2006 var undirritað samkomulag milli verkalýðshreyfingarinnar og atvinnurekenda um endurskoðun kjarasamninga sem fól einnig í sér yfirlýsingu um aðgerðir af hálfu stjórnvalda.

Í samkomulagi ASÍ og SA fólst eftirfarandi:

1. Sérstök hækkun kauptaxta kjarasamninga.

Frá 1. júlí 2006 bætist við sérstakur taxtaviðauki, kr. 15.000 á launataxta kjarasamnings. Taxtaviðaukinn myndar grunn fyrir allar álagsgreiðslur, sbr. eftirvinnu, yfirvinnu og vaktaálög.

2. Launaþróunartrygging

Starfsmaður sem er í starfi í byrjun júlí 2006 og starfað hefur samfelld hjá sama vinnuveitanda frá júní 2005 skal tryggð að lágmarki 5,5% launahækkun á þeim tíma. Hafi launahækkun starfsmanns verið minni á framangreindu tímabili skulu laun hans hækka frá 1. júlí 2006 að lágmarki um þann mismun sem upp á vantar.

Í samkomulagi VR og FÍS fólst eftirfarandi:

1. Hækkun lágmarkslauna

Lágmarkslaun hækki í 130.000 frá og með 1. júlí 2006.

2. Tilmæli til aðildarfyrirtækja um launaþróunartryggingu

Þá beinir FÍS þeim eindregnu tilmælum til aðildarfyrirtækja sinna að þau noti tækifærið í komandi launaviðtölum og tryggi starfsmönnum, sem ekki hafa fengið launahækkunir umfram 2,5% á síðustu tólf mánuðum, þau 3% sem uppá vantar til að þeir njóti sömu heildarlaunahækkana og samið var um fyrir aðra á almennum vinnumarkaði.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar fólst m.a. að skattleysismörk hækkuðu í 90 þúsund um áramót 2006 - 2007, persónuafsláttur hækkaði í 32.150 krónur og verður endurskoðaður árlega og tekjuskattur lækkaði. Framlög til fullorðins- og starfsmenntamála verða aukin, atvinnuleysisbætur hækkaðar og sett verður á lagginnar samstarf stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins til að fara yfir mál-efni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði.

Rannsóknir og kannanir

Fyrirtæki ársins

Daníel Ólafsson ehf. var valið fyrirtæki ársins árið 2006 í hópi stærri fyrirtækja en Sensa ehf. Í hópi minni fyrirtækja. Niðurstöðurnar voru kynntar í móttöku á Nordica hotel í maí. Tuttugu efstu fyrirtækin í hvorum flokki fengu nafnbótina Fyrirmyndarfyrirtæki 2006. Í fyrsta sinn tók annað stéttarfélag formlega þátt í könnunni, SFR – stéttarfélag í almannajónustu, og völdu félagsmenn þess embætti skattrannsóknarstjóra Stofnun ársins.

Launakönnun 2006

Laun félagsmanna VR hækkuðu um 8% á milli árána 2005 og 2006, hvort sem er heildarlaun eða grunnlaun, samkvæmt niðurstöðum launakönnunar félagsins. Launamunur kynjanna var óbreyttur, fjórða árið í röð. Starfsmenn skrifstofu VR gengu í fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu, á Akranesi og í Vestmannaeyjum og dreifðu launakönnuninni.

Stjórnendakönnun VR

Álagið er það versta við stjórnunarstarfið en krefjandi verkefni það besta. Nær öllum stjórnendum finnst starfið eftirsóknarvert. Þetta eru helstu niðurstöður stjórnendakönnunar VR 2006 sem gerð var meðal stjórnenda bæði á almennum og opinberum markaði. Það var í fyrsta sinn sem sérstök könnun var gerð meðal þessa hóps.

Jafnréttismál

VR hlaut viðurkenninguna Lóð á vogarskálarnar 2006 ásamt Maritech ehf. Viðurkenningin var afhent fyrir framlag sem stuðlar að samræmingu vinnu og einkalífs í orði og verki.

VR skrifaði í maí 2006 undir styrktarsamning við kvennalandsliðið í handbolta með jafnréttissmarkmið í huga. Mikilvægt er að íþróttir kvenna nái sama sessi og karlaíþróttir og er það von VR að stuðningur við kvennaíþróttir skili sér í styrkari stöðu kvenna almennt í þjóðfélaginu.

Haustið 2006 hófst herferð VR fyrir launajafnrétti kynjanna en félagið hefur lagt áherslu á þennan málaflokk á hverju ári síðustu ár. Herferðin að þessu sinni fólst í blaðaauglýsingum og umhverfisgrafík undir slagorðinu Dapurleg eftirmæli.

Heilbrigðismál

Fjárveitingar úr Sjúkrasjóði

Varðandi tekjur árið 2006 vísast til reikninga aftast í ársskýrslunni. Greiddar bætur sundurliðast þannig:

| a) Sjúkra- og dagpeningar | Fjöldi | Upphæð kr. |
|---|---------------|--------------------|
| Dagpeningar vegna veikinda | 634 | 345.134.170 |
| Dagpeningar vegna áfengisvanda | 39 | 7.830.704 |
| Dagpeningar vegna veikinda barna | 34 | 10.387.309 |
| Dagpeningar vegna veikinda maka | 12 | 6.392.108 |
| Sjúkra- og slysdagpeningar samtals | 719 | 369.744.291 |

(2005, samtals fjöldi 588, kr. 274.129.223)

| b) Dánarbætur | Fjöldi | Upphæð kr. |
|--|---------------|-------------------|
| Dánarbætur félagsmanna undir 70 ára | 30 | 15.705.747 |
| Dánarbætur félagsmanna eldri en 70 ára | 43 | 12.676.560 |
| Dánarbætur samtals | 73 | 28.382.307 |

(2005, fjöldi bótaþega 44, kr. 17.830.000)

| c) Slysabætur | Fjöldi | Upphæð kr. |
|---------------------------|---------------|-------------------|
| Örorkubætur | 4 | 7.504.923 |
| Slysabætur samtals | 4 | 7.504.923 |

(2005, fjöldi bótaþega 3, kr. 10.687.960)

| | Fjöldi | Upphæð kr. |
|----------------------|---------------|--------------------|
| Bætur samtals | 796 | 405.631.521 |

(2005, fjöldi bótaþega 635, kr. 302.647.183)

| | Fjöldi | Upphæð kr. |
|--------------------------------|---------------|-------------------|
| Styrkir til sjóðfélaga* | 3.262 | 45.753.382 |

(2005, fjöldi styrkþega 9.539, kr. 126.041.072)

* Athugið að fjöldi og upphæð í þessum lið árið 2006 tekur til 1.1.2006 – 30.4.2006.

Þann 1. maí 2006 tók VR varasjóður gildi. Sjá nánar á næstu síðu.

| | Fjöldi | Upphæð kr. |
|--|---------------|--------------------|
| Bætur og styrkir til félagsmanna 2006 samtals | 4.058 | 451.384.903 |

(2005, fjöldi bóta- og styrkþega 10.174, kr. 428.688.255)

| | Upphæð kr. |
|--|-------------------|
| Að auki styrkir til stofnana og félagsamtaka 2006 | 2.008.952 |

(2005, kr. 1.446.218)

Frá miðjum janúar 2006 voru styrkir úr Sjúkrasjóði greiddir út að fráreginni staðgreiðslu skatta en sú ákvörðun kom í kjölfar tilkynningar Skattstjórans í Reykjavík um að styrkir úr sjúkrasjóðum stéttarféлага væru staðgreiðsluskyldir.

Framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR starfsárið 2006–2007

Stefanía Magnúsdóttir formaður

Rannveig Sigurðardóttir, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir, Lykke Bjerre Larsen og Einar Karl Birgisson til 1. október 2006

en þá tók Jón Magnússon sæti hans.


Varamenn: Jón Magnússon og Þorlákur Jóhannson

Stofnun VR varasjóðs var lögð fyrir aðalfund í apríl 2006 og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Á fundinum var samþykkt að leggja 853 milljónir króna í upphafsstöðu sjóðsins.

Markmiðið með stofnun VR varasjóðs er að veita félagsmönnum meiri sveigjanleika í að nota inneign sína í sjóðum félagsins og einfalda aðkomu að þeim. Í VR varasjóði eru sameinuð réttindi félagsmanna í mismunandi sjóðum. Stjórn VR leggur fyrir aðalfund árlega tillögu um hversu hátt hlutfall af iðgjöldum ársins á undan renni í varasjóð og er þá tekið mið af afkomu sjóðanna sem að honum koma. Það er síðan aðalfundar að ákveða hvort lagt verði í sjóðinn og þá hvert endanlegt hlutfall er.

Í byrjun maí 2006 var sent yfirlit til um 30 þúsund félagsmanna þar sem fram komu upplýsingar um upphafsstöðu viðkomandi í varasjóði, yfirlit yfir greidd félagsgjöld síðustu mánuði og hvaða þjónustu viðkomandi hafði nýtt sér hjá félaginu á sama tímabili. Á yfirlitinu var einnig persónulegt lykilorð viðtakanda á Mínum síður á heimasíðu VR, www.vr.is, en á Mínum síðum koma m.a. fram allar upplýsingar varðandi stöðu hans hjá félaginu. Slíkt yfirlit verður sent til félagsmanna á nýjan leik í kjölfar aðalfundar 2007.

Greiðslur úr VR varasjóði



Námskeið og fyrirlestrar

VR bauð sem endranær félagsmönnum sínum á hádegisfyrirlestra á árinu. Alls voru átta fyrirlestrar haldnir sem 428 félagsmenn sóttu. Félagsmenn á Akranesi og í Vestmannaeyjum gátu fylgst með fyrirlestrunum í gegnum fjárfundarbúnað.

Haldin voru 15 námskeið fyrir trúnaðarmenn á árinu og að auki einn hádegisverðarfundur.

Önnur verkefni

VR er þátttakandi í alþjóðlegu verkefni, eBusiness Community Model – Vocational Education and Training (eBCM-VET) sem er styrkt af Leonardo da Vinci starfsmenntaáætlun Evrópusambandsins. eBCM-VET er samstarfsverkefni Eistlands, Finnlands, Íslands, Rúmeníu og Danmerkur og er verkstjórn í höndum VR og Staðlaráðs Íslands. Meginmarkmið verkefnisins er þrjúþætt:

- Greina og bregðast við þörf fyrir menntun og þjálfun tiltekins markshóps, þ.e. starfsfólks í heildsölugeira, á sviði rafrænna viðskipta, þ.e. nýtingu upplýsingatækni í viðskiptum og rekstri, byggt á eBCM módelinu um rafræn viðskipti.
- Þróa viðeigandi þjálfunaraðferðir og námsefni.
- Velja og nýta í tilraunakeyrlu aðferð og miðil til að miðla námsefninu, þekkingu og reynslu til markshópsins.

VR tekur einnig þátt í Leonardo verkefni um raunfærni sem nefnist Value of Work. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins stýrir verkefninu en fyrir utan Ísland eru þátttakendur frá Svíþjóð, Danmörku, Slóveníu, Bretlandi og Kýpur. Starfsmenn þriggja íslenskra banka taka þátt í tilraunaverkefni um raunfærni starfsmanna sem ekki hafa lokið formlegu námi úr framhaldsskóla. VR á fulltrúa í faghópi verkefnisins því fyrirhugað er að yfirfæra raunfærni mið á starfsstéttir sem eru innan raða VR.

Styrkir

Á árinu 2006 voru greiddar alls 113 milljónir króna í starfsmenntastyrki til félagsmanna úr starfsmenntasjóðum en árið 2005 voru greiddar alls 104 milljónir króna. Árið 2006 bárust 5.072 umsóknir frá 3.413 einstaklingum sem sóttu nám hjá 313 skólum, stofnunum eða einstaklingum.

Stjórnir fræðslumála

Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks

Stefanía Magnúsdóttir formaður (VR)

Sigurður Jónsson varaformaður (SA)

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir (VR), Anna Rós Ívarsdóttir (SA), Guðrún Erlingsdóttir (LÍV), Anna Margrét Jónsdóttir (SA) frá janúar til aprílloka en þá tók Hildur Björgvinsdóttir (SA) við.

Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunarinnar

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir formaður (LÍV)

Stefanía Magnúsdóttir (VR), Stefán Guðjónsson (FÍS) og Halldór Páll Gíslason (FÍS) voru í stjórn frá janúar til apríl en þá tóku Skúli Björnsson (FÍS) og Kristján Einarsson (FÍS) við.

Úthlutun atvinnuleysisbóta

Skrifstofa VR annaðist úthlutun og greiðslu atvinnuleysisbóta fyrir Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta nr. 2 fyrir höfuðborgarsvæðið til 1. júlí 2006. Þeim samningi var sagt upp og var gerður tímabundinn samningur um verkið við Vinnumálstofnun sem rennur út 1. apríl 2007. Nefndin og síðar starfsmenn VR héldu fundi hálfsmánaðarlega þar sem farið var yfir allar nýjar umsóknir og úrskurðað um gildi þeirra. Um er að ræða umsóknir frá félagsmönnum VR og 72 annarra félaga og samtaka. Öll vinna sem lýtur að útreikningum og bótarétti umsækjenda ásamt útborgun atvinnuleysisbóta, sem fer fram mánaðarlega, er unnin á skrifstofu VR.


| Fjöldi sem fékk greiddar bætur - öll félög | 2006 | 2005 |
|--|-------|-------|
| Konur | 1.172 | 1.875 |
| Karlar | 713 | 1.085 |
| Samtals | 1.885 | 2.960 |

| Fjöldi félagsmanna VR sem fékk greiddar bætur | 2006 | 2005 |
|---|-------|-------|
| Konur | 851 | 1.355 |
| Karlar | 373 | 614 |
| Samtals | 1.224 | 1.969 |

| Bótagreiðslur | 2006 | 2005 |
|------------------------------|-------------|---------------|
| Greiddar bætur, öll félög | 691.517.638 | 1.071.371.754 |
| Greiddar bætur til VR félaga | 415.771.684 | 703.260.927 |

Hámarksbætur fyrir einstakling frá 1. janúar 2007 eru kr. 5.123 fyrir hvern virkan dag atvinnuleysis eða um það bil kr. 111.015 á mánuði að meðaltali.

Hlutfall atvinnulausra VR félaga árin 2000–2006



Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta nr. 2

Margrét Tómasdóttir formaður

Árni Leósson (ASÍ) varaformaður

Birna S. Karlsdóttir (BSRB), Jakobína Jónsdóttir (SA) og Kristín Jónsdóttir (SA)

Orlofsmál

Á árinu 2006 voru 40 orlofshús og orlofsíbúðir í eigu VR. Félagið tók á leigu 30 tjaldvagna, 15 orlofshús á Íslandi og 30 íbúðir erlendis og endurleigði til félagsmanna yfir sumarmánuðina. Íbúðirnar erlendis voru á Calpe, Krít og Mallorca á vegum Sumarferða, Úrvals Útsýnar og Heimsferða. Útleigur ársins 2006 voru 2.770 samanborið við 2.829 árið 2005. Sumarið 2006 voru 11 hús og íbúðir í skammtímaleigu og var þá viðhöfð reglan fyrstur bókar, fyrstur fær. Nýting orlofshúsa yfir vetrarmánuðina hefur verið mjög góð í húsum með heitum pottum auk íbúðanna á Akureyri.

Nýting orlofshúsa og tjaldvagna 2006

Innan sviga er tilgreindur fjöldi húsa / íbúða á hverjum stað.

| | Fjöldi gistinguátta | Nýting – sumar* | Nýting – vetur** |
|-----------------------|---------------------|-----------------|------------------|
| Akureyri (6) | 1.274 | 91% | 52% |
| Einarsstaðir (2)*** | 168 | 91% | |
| Flúðir (3) | 583 | 93% | 40% |
| Hraunborgir (1) | 104 | 94% | |
| Húsafell (5) | 767 | 95% | 25% |
| Ljósheimar (1) | 209 | 75% | 52% |
| Miðhúsaskógur (20) | 3.306 | 87% | 27% |
| Stykkishólmur (1)**** | 150 | 94% | 35% |
| Ölfusborgir (1)*** | 44 | 92% | |

Félagið tók á leigu eftirtalin hús og tjaldvagna sumarið 2006 og endurleigði til félagsmanna. Sum húsin voru leigð hluta af sumri en sum eru enn í útleigu.

| | Fjöldi gistinguátta | Nýting – sumar | Nýting - vetur |
|-----------------------------|---------------------|----------------|----------------|
| Einarsstaðir (2) | 160 | 96% | |
| Hrísey (1) | 65 | 84% | |
| Laugarvatn (2) | 180 | 67% | 15% |
| Illugastaðir (1) | 58 | 92% | |
| Minni-Borg (1) | 152 | 39% | 36% |
| Stykkishólmur raðhús (2) | 363 | 88% | 39% |
| Súðavík (1) | 56 | 80% | |
| Vaðnes (2) | 397 | 70% | 40% |
| Varmahlíð (2) | 239 | 90% | 26% |
| Vestmannaeyjar (1) | 84 | 100% | |
| Tjaldvagnar (30) | 1.440 | 93% | |
| Calpe | 980 | 48% | |
| Krít | 980 | 25% | |
| Mallorca | 980 | 21% | |
| Samtals gistinguætur | 12.739 | | |

* Á Akureyri, Einarstöðum, Minni-Borg, í Miðhúsaskógi og Vaðnesi eru stök hús í skammtímaleigu að sumri til og er nýtingarhlutfall á þeim stöðum því oft lægra en ella.

** Að vetri til er nýting á flestum húsum VR um 100% um helgar en minni virka daga.

*** Hús í Ölfusborgum og á Einarstöðum eru leigð út á vegum rekstrarfélaganna yfir veturinn.

**** Hús VR í Stykkishólmi var selt á árinu og var því í leigu til 11. September 2006.

Stjórn orlofssjóðs VR starfsárið 2006–2007

Benedikt Vilhjálmsson formaður

Bjarnís Lárusdóttir, Gunnar Böðvarsson, Margrét Torfadóttir, Sigurður Sigfússon, Steinar J. Kristjánsson

og Valur M. Valtýsson

Varamaður: Margrét Sverrisdóttir

Áskoranir frá stjórn

Um miðjan janúar 2006 skoraði stjórn VR á sveitarfélög í landinu að finna lausn á manneklu í leikskólum landsins en vegna þessa stóðu margir foreldrar á vinnumarkaði frammi fyrir því á árinu að geta illa mætt til vinnu þar sem þeir fengu ekki gæslu fyrir börn sín. Þessi áskorun var ítrekuð ári síðar þar sem skorað var á ríki og sveitarfélög að taka þessi mál til endurskoðunar og færa launin nær markaðslaunum eða endurskoða rekstrarform þjónustunnar.

Stjórn VR sendi frá sér yfirlýsingu í tilefni alþjóðlegs baráttudags kvenna 8. mars 2006 þar sem skorað var á ríkisstjórnina að beita sér af alefli gegn kynbundnum launamun með virkum stjórnvaldsaðgerðum, kynbundinn launamunur væri óþolandi mannréttindabrot sem ekki ætti að líðast.

Innlendir fundir

Stjórn VR fundaði 15 sinnum á árinu 2006 og 4 fundir voru haldnir í trúnaðarráði.

Á **Nýársfundi** trúnaðarráðs og trúnaðarmanna árið 2007, sem haldinn var 24. janúar, var framboðslisti stjórnar og trúnaðarráðs kynntur. Fjallað var um áherslur í komandi kjarasamningaviðræðum og samþykkt að setja á laggirnar málefnaþópa til að undirbúa viðræðurnar en samningar eru lausir um áramótin 2007 - 2008. Þessir hópar munu taka fyrir eftirtalin málefni; launamyndun og tryggingar, vinnutíma og vernd og stöðu erlendra ríkisborgara á Íslandi. Á fundinum var einnig fjallað um tillögur að breyttri stjórnskipan VR.

Tveir **vinnfundir** trúnaðarráðs og trúnaðarmanna á vinnustöðum voru haldnir á árinu þar sem til umfjöllunar var stefna félagsins til framtíðar og hlutverk félagsins. Á öðrum fundinum voru gestafyrirlesarar, Agnes Bragadóttir blaðamaður, Árelía Eyðis Guðmundsdóttir lektor, Gylfi Arnbjörnsson framkvæmdastjóri ASÍ og Pétur Blöndal alþingismaður.

Uppstillinganefnd fundaði 6 sinnum fyrir Nýársfundinn. Auglýst var eftir áhugasömum einstaklingum til að starfa fyrir félagið og bárust 29 framboð.

Ráðgjafarnefnd félagsmanna er vettvangur félagsmanna og fulltrúa félagsins til að ræða starfsemi félagsins og framtíðarstefnu þess í formi morgunverðarfunda. Alls voru 54 fundir haldnir á árinu og sátu þá 655 félagsmenn.

Úrskurðarnefnd VR hélt 46 fundi á árinu 2006. Nefndin úrskurðaði um ellefu kærur félagsmanna. Verkefni nefndarinnar eru að taka fyrir formlegar kærur frá félagsmönnum, vera ráðgefandi fyrir umsjónarmenn málaflokka og gegna eftirlitsstarfi.

Ársfund **Alþýðusambands Íslands**, sem haldinn var 26. – 27. október, sátu 74 fulltrúar VR. Meginumræðuefni voru tvö; hnattvæðingin og skipulag Alþýðusambandsins

Erlend samskipti

Fulltrúar VR sóttu eftirfarandi fundi eða ráðstefnur vegna erlends samstarfs á árinu 2006:

Fund á vegum **Nordisk Handel**, samráðsvettvangs landssambanda verslunarmannafélaga á Norðurlöndum, um heildarkjarasamninga. Fundurinn var haldinn í Svíþjóð í maí.

Höfuðborgarráðstefnuna sem haldin var í Reykjavík í júní. Þar var lagður fram samanburður milli félaga á Norðurlöndunum um ýmsa þætti s.s. grunnlaun, veikindarétt og orlofslaun.

Kynningarferð Alþýðusambands Íslands til Kaupmannahafnar og Brussel í september. Markmið ferðarinnar var að fá mynd af stöðu og þróun mála á Evrópuvísu og á alþjóðavettvangi. Sérstök áhersla var lögð á að fá upplýsingar um hnattvæðinguna og alþjóðastarf verkalýðshreyfingarinnar.

Stjórn VR og sviðsstjórar heimsóttu í nóvember **TUC**, sem er breska alþýðusambandið, þar sem farið var yfir skipulag bresku verkalýðshreyfingarinnar, helstu verkefni og stöðu. Í TUC eru 66 sambönd með tæplega 7 milljón félagsmenn.

Almennar upplýsingar

Þjónustuver

Fulltrúar þjónustuvers svara fyrirspurnum um alla helstu þjónustu félagsins, s.s. varasjóð, starfsmenntasjóðina, atvinnuleysisbætur, sjúkrasjóð, orlofshús og kjaramál. Flestar fyrirspurnir á síðasta ári sneru að varasjóði. Heildarfrjöldi afgreiðslna í þjónustuveri í Reykjavík árið 2006 voru 14.997 eða 1.250 á mánuði. Heildarfrjöldi símtala til VR árið 2006 var 53.548 eða rétt tæplega 4.500 á mánuði að meðaltali. Um 70 % af fyrirspurnum í síma til félagsins er svarað af fulltrúum þjónustuvers. Þjónustuver VR er starfrækt á Akranesi, í Hafnarfirði, Reykjavík og Vestmannaeyjum. Stöðugildi í árslok 2006 voru 9.

Félagsmál

VR og Verslunarmannafélag Hafnarfjarðar sameinast

Tillaga um sameiningu VR og Verslunarmannafélags Hafnarfjarðar var samþykkt á aðalfundi VR í apríl 2006. Kosið var um tillöguna meðal félagsmanna VH í nóvember og var hún samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta. Kjörsókn var 28% og samþykktu 94% þeirra sem kusu sameiningu. Sameiningin tók gildi 1. janúar 2006.

Samstarfssamningur við Verslunarmannafélag Vestur Húnavetninga

Þann 28. desember var undirritaður samstarfssamningur milli VR og Verslunarmannafélags Vestur Húnavetninga á Hvammstanga. Markmið samningsins er að félögin sameinist að ári liðnu.

Mannfagnaðir

1. maí var haldinn hátíðlegur með kröfugöngu og kaffi. Fulltrúar VR í göngunni fylktu sér undir nýjum fána sem þá kom fyrir almenningssjónir í fyrsta sinn. Tæplega 1.800 gestir þáðu kaffiveitingar í boði VR á Broadway í tilefni dagsins.

Um 560 eldri félagsmenn sátu árlegt kaffisamsæti VR á uppstigningardag.

VR hélt ekki uppá frídag verslunarmanna árið 2006 á sama hátt og verið hefur undanfarin ár og voru fjármunir sem allajafna hafa farið til að greiða fyrir þann atburð lagðir í VR varasjóð.

Útgáfu- og kynningarmál

Ný auglýsing, Hvíldartími, var frumsýnd í desember þar sem minnt var á kjarasamningsbundinn rétt verslunarfólks til hvíldartíma á þessum annatíma í verslunum.

Einnig voru birtar á árinu sjónvarps- og prentauglýsingar undir heitinu Ósýnilegi vinurinn þar sem lögð var áhersla á þá heildarþjónustu sem VR veitir.

Heimasíða VR fékk nýtt útlit í takt við nýtt nafn og nýtt merki. Að meðaltali heimsóttu 15 þúsund manns www.vr.is í hverjum mánuði á árinu 2006.

Kynningarbæklingur um störf trúnaðarmanna var gefinn út á árinu og nýtt veggspjald fyrir kosningar trúnaðarmanna á vinnustöðum.

VR blaðið kom út fimm sinnum á árinu. Upplag blaðsins að meðaltali var 21.500 eintök.

Nýr kynningarbæklingur var gefinn út með upplýsingum um VR varasjóð og var hann sendur til allra félagsmanna.

VR hlaut tvær viðurkenningar við afhendingu Íslensku auglýsingaverðlaunanna árið 2006 fyrir sjónvarps- og prentauglýsingar í jafnréttisherferðinni Ekki láta útlitið blekkja þig. Félagið hlaut einnig tvær viðurkenningar á hátíðinni árið 2007, fyrir prentauglýsingu undir heitinu Dapurleg eftirmæli þar sem vakinn var athygli á launamun kynjanna og sjónvarpsauglýsinguna Hvíldartími.

Aðild að stofnunum

VR á beina aðild að eftirtöldum stofnunum:

| | |
|-------------------------------------|----------------------------------|
| Alþýðusamband Íslands | Landssamband ísl. verzlunarmanna |
| Eir, hjúkrunar- og umönnunarheimili | Lífeyrissjóður verzlunarmanna |
| Fjölmíðlasambandið | Verzlunarskóli Íslands |
| Janus endurhæfing | |

Félagatal

